

**FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR**

Þriðjudaginn 15. desember 2009 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8<sup>00</sup> á skrifstofu sveitarfélagsins

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigriður Gestsdóttir, Jóhannes Indriðason og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

**1. Fjárhagsáætlun 2010**

## a) Forsendur fjárhagsáætlunar 2010.

Fyrir fundinum lá greinargerð sveitarstjóra um forsendur fjárhagsáætlunar. Í greinargerðinni kemur m.a. fram að gert er ráð fyrir heldur auknum útsvarstekjum en að tekjur vegna jöfnunarsjóðs muni dragast saman. Þá kemur fram að gert er ráð fyrir 5% verðlagshækkunum á árinu í samræmi við áætlun í frumvarpi til fjárlaga 2010.

Umræður urðu um forsendur fjárhagsáætlunar og málinu vísað til annarrar umræðu.

## b) Útsvarsálagning

Samþykkt að álagning útsvars fyrir gjaldaárið 2010 verði óbreytt frá yfirstandandi ári 13,28%

## c) Álagning fasteignagjalda

Fyrir fundinum lá tillaga að álagningarreglum fasteignagjalda ásamt útreikningi á áætlaðri álagningu. Álagningareglurnar voru ræddar og farið yfir breytingar sem lagt er til að verði gerðar miðað við fyrri álagningu. Afgreiðslu tillögunnar frestað til næsta fundar.

**2. Minnisblað um hitaveitu**

Fyrir fundinum lá minnisblað vegna fyrirhugaðar hitaveitu til Skagastrandar sem til umfjöllunar var á fundi fulltrúa Rarik með sveitarstjórn 17. nóv. sl. Í minnisblaðinu kemur fram að ekki verði ráðist í framkvæmdir á árinu 2010.

Minnisblaðið var til kynningar og ekki gerðar bókanir eða ályktanir vegna þess.

**3. Fjallskilamál**

Fyrir fundinum lágu samningsdrög þar sem gert er ráð fyrir að fjallskiladeildir Vindhælinga og Skagamanna taki að sér smölun á afrétti Sveitarfélagsins Skagastrandar. Samningsdrögin voru rædd en afgreiðslu þeirra vísað til næsta fundar.

**4. Viljayfirlýsing ríkis og sveitarfélaga um þjónustu við fatlaða**

Fyrir fundinum lá viljayfirlýsing sem undirrituð var 13. mars sl. af ráðherrum sveitarstjórnarmála, tryggingarmála og fjármála annarsvegar og formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga hinsvegar. Í viljayfirlýsingunni kemur fram hvert er markmið tilfærslunnar, hvernig henni verði stjórnað og hvaða tímasetningar verði miðað við. Í viðaukum er fjallað nánar um þjónustuna, forsendur hennar bæði stjórnunarlega og fjárhagslega. Í viljayfirlýsingunni kemur fram að

þjónusta við fatlað verði flutt til sveitarfélaga árið 2011. Sveitarstjórn ræddi málið en gerði ekki sérstakar ályktanir vegna þess.

#### **5. Ársreikningur Tónlistarskóla Austur Húnavetninga 2008 og fjárhagsáætlun 2010.**

Fyrir fundinum lá ársreikningur tónlistarskólans fyrir árið 2008. Árstekjur námu 22.226.222 kr. og rekstargjöld 20.877.686 kr. Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 1.260.696 kr. að teknu tilliti til 87.567 kr. fjármagnsgjalda. Ársreikningurinn var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við hann.

Fyrir fundinum lá einnig skipting nemenda tónlistarskólans eftir hreppum þar sem kemur fram námshlutfall og hljóðfæri. Sérstök skrá um þátttöku í lúðrasveit lá einnig fyrir fundinum. Fyrirgreind nemendaskrá er forsenda fyrir kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna.

Kostnaðarskipting milli sveitarfélaganna vegna fjárhagsáætlun 2010 lá fyrir fundinum. Fjárhagsáætlunin var til umræðu og samþykkt að beina því til stjórnar Tónlistarskólans að greiðslur sveitarfélaganna vegna áætlunarinnar verði lækkaðar um 5 milljónir króna bæði með auknu aðhaldi og með tilliti til að handbært fé sé í sjóði um áramót.

#### **6. Bréf:**

a) Textílseturs Íslands, dags. í nóv. 2009

Fyrir fundinum lá erindi Textílseturs Íslands sem sækir um 500.000 kr. styrk vegna starfsemi sinnar. Erindinu var vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

b) Umhverfisstofnunar, dags. 5. nóv. 2009.

Bréfið er ritað vegna refaveiða á uppgjörstímabilinu 1. sept. 2009 – 31. ágúst 2010 og vakin athygli á að í frumvarpi til fjárlaga er ekki gert ráð fyrir neinum fjármunum til endurgreiðslu vegna refaveiða. Erindið var til kynningar.

c) Farskóla Norðurlands vestra, dags. 6. nóv. 2009

Með bréfinu er leitað eftir fjárstuðningi við vegna reksturs Farskólans fyrir árið 2010 og óskað eftir að sveitarfélagið styrki reksturinn með 137.000 kr. framlagi. Erindinu var vísað til gerðar fjárhagsáætlunar en samþykkt að óska eftir ársreikningi 2008 og áætlun 2010.

d) Völundarverk – Reykjavík, dags. 10. nóv. 2009.

Með bréfinu er kynnt atvinnuátaksverkefni á vegum Reykjavíkurborgar þar sem boðið hefur verið upp á námskeið í endurgerð gamalla húsa. Erindi bréfsins er að bjóða öðrum sveitarfélögum þátttöku í verkefninu með Reykjavíkurborg. Erindið var til kynningar.

e) Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, 16. nóv. 2009

Með bréfinu er óskað eftir að fjallað verði um fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir árið 2010. Áætlunin var meðfylgjandi bréfinu og þar kemur fram að tekjur eru áætlaðar 27.837.120 kr. en gjöld samtals 27.264.650 kr. Hluttur sveitarfélaga í tekjum er áætlað 9.202.000 kr. Málinu var vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

f) UMFÍ, dags. 1. nóv. 2009

Með bréfinu eru kynntar ályktanir 46. sambandsþings Ungmennafélags Íslands sem haldið var í Reykjanesbæ 10.-11. október 2009.

Bréfið var til kynningar.

g) Stígamóta, dags. 10. sept. 2009

Með bréfinu er farið fram á fjárhagslegan stuðning við starfsemi Stígamóta vegna rekstrarársins 2010.

Erindinu var hafnað.

h) Heimilisiðnaðarsafnsins, dags. 17. nóv. 2009

Með bréfinu er óskað eftir fjárstuðningi við rekstur Heimilisiðnaðarsafnsins. Erindið var rætt en því var síðan vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

## **7. Fundargerðir:**

- a. Hafnarnefndar, 16.11.2009  
Fundargerðin var samþykkt.
- b. Stjórnar Norðurár bs. 9.09.2009  
Fundargerðin var til kynningar.
- c. Stjórnar Norðurár bs. 8.12.2009  
Fundargerðin var til kynningar
- d. Félags- og skólaþjónustu A-Hún, 20.10.2009  
Fundargerðin var til kynningar
- e. Stjórnar SSNV, 10.11.2009  
Fundargerðin var til kynningar
- f. Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 30.10.2009  
Fundargerðin var til kynningar

## **8. Önnur mál**

Fyrir var tekin fjárhagsstaða Nes listamiðstöðvar. Fyrir fundinum lágu gögn um fjármál listamiðstöðvarinnar. Samþykkt að auka hlutafé í Nes listamiðstöð um 2 milljónir króna.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10<sup>30</sup>

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jóhannes Indriðason

Birna Sveinsdóttir,

Sigríður Gestsdóttir,

Magnús B. Jónsson